

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509

Alþingi
Erindi nr. P 125/1598
komudagur 17. 4. 2000



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Nefndasvið Alþingis,
Hr. Björn Þorvaldsson, nefndaritari
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

00040069

211

13. apríl 2000

Efni : Frumvarp til laga, 287. mál

Vísað er til bréfs yðar dags. 20. mars 2000 um 287. mál, frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Lögð er til breyting á lögum nr. 103/1996 þannig að í stað orðsins "samgönguráðherra" í 2. mgr. 6. gr. komi "fjármálaráðherra".

Í þessu sambandi telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að vísa til 1. gr. laga um stofnunina nr. 110/1999, sbr. nr. 107/1996 en í báðum lögum segir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögnum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla. Í sömu gr. segir enn fremur að Póst- og fjarskiptastofnun sé sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra. Af sinni hálfu vill Póst- og fjarskiptastofnun leyfa sér að fullyrða að haft hafi verið að leiðarljósi að starfa sjálfstætt í anda laganna.

Póst- og fjarskiptastofnun vill að öðru leyti ekki tjá sig um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Arnar